

BRUNAÁÆTLUN

Ef brunaviðvörðunarkerfi fer í gang þá sér starfsmaður um rýmingu á því svæði sem hann er staddur á. Þegar svæði/stofur hafa verið rýmd á að loka hurð. Allir safnast saman í fataklefa og nafnakall gert (deildarstjóri). Fylgja þarf börnum af öðrum deildum í sinn fataklefa. Í fataklefanum er beðið eftir fyrirmælum frá leikskólastjóra hvort um raunverulegan eld eða falsboð sé að ræða. Á meðan beðið er klæða börnin sig í stígvél og yfirhöfn. Mjög mikilvægt er að skrá börn í Karelle appið (muna líka eftir starfsfólkinu). Alltaf skal bregðast við eins og um raunverulegan eld sé að ræða.

Ef raunverulegur eldur eða reykur er í húsinu, fara allir út og safnast saman:

1. Við enda húss – (bílastæðamegin) innan við hliðið, (EÐA eftir aðstæðum, við dótaskúrinn eða úti í Vigdísarlundi).

Ef boð koma frá brunaviðvörðunarkerfinu skal bregðast strax við þeim með því að **leikskólastjóri/aðstoðarleikskólastjóri** fer að stjórnstöflu brunaviðvörðunarkerfis og aðgætir hvaðan brunaboðin koma.

Það sem leikskólastjóri/aðstoðarleikskólastjóri gerir:

1. Snýr lykli á hljóðgjafi af (Silence Sounders/Enable).
2. Á stjórnstöflu sést frá hvaða skynjara boðin koma (eldur á rás 1-8).
3. Finna hvaða skynjari sendi boðið með því að skoða svæða og rásaskiptingu á mynd fyrir neðan stjórnstöflu.
4. Fara strax á staðinn, finna skynjarann sem sendi boðin (á honum er lítið gaumljós sem logar).
5. Ef um **FALSBOÐ** er að ræða er farið að stjórnstöflu og kerfið endurræst (Reset) og lyklinum snúið á Normal og boð látin ganga um að falsboð sé um að ræða.
6. Ef um **RAUNVERULEGAN ELD** er að ræða skal vara alla við með því að brjóta næsta handboða eða fara að stjórnstöflu og snúa lyklinum á Operate Sounders. Þá fara allar bjöllur í gang aftur og allir yfirgefa húsið.
7. Hringja í **112**
8. Hringja í Dagleið og fá rútu sem flytur börn/starfsfólk í íþróttahúsið.
Dagleið: 8940220 (Garðar)

Muna:

Leita þarf mjög vel í öllum skúmaskotum því börnin eiga það til að **fela sig** ef þau verða hrædd, við skilrúm, undir borðum/bekkjum, út í hornum, bak við hurðir, í skápum og fleiri stöðum. Ef **vantar barn** eða **starfsmann** þarf að **upplýsa slökkviliðið** um það eins fljótt og hægt er. **Starfsfólk fer ekki inn í brennandi hús.**

**Muna að loka öllum hurðum þegar búið er að leita til að
hindra eld og reyk**

Endurskoðað febrúar 2025/DE/RAH